



Hagstofa Íslands

26. nóvember 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Efnahags- og viðskiptanefnd, frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, 6. mál, bréf nefndarinnar 22. október 2004

Í bréfi efnahags- og viðskiptanefndar er óskað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Skattamál og athuganir á skattbreytingum eru ekki meðal verkefna Hagstofunnar og ítarleg umsögn um frumvarpið er því naumast á færi hennar. Hins vegar má benda á nokkur almenn atriði varðandi tillögur frumvarpsins, meðal annars með vísan til fyrri athugana á svipuðum skattbreytingum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hlutfall virðisaukaskatts á öllum vörum sem í dag bera 14% skatt verði lækkað í 7% jafnvel þó að þar sé um að ræða vörur sem ekki teljast matvörur. Hagstofa Íslands telur þetta mun vænlegri kost en að bæta við einu skattþrepi til þess að skattkerfið haldist sem einfaldast og skilvirkast í framkvæmd.

Hins vegar má gera ráð fyrir því að því meiri munur, sem er á milli skattþrepa, aukist hættan á undandrætti með því að vörur skolist á milli skattþrepa við skil á skatti.

Einnig er rétt að benda á að það vandamál fylgir lækkun á virðisaukaskatti fremur en lækkun á öðrum sköttum, að engin vissa er fyrir því að lækkunin skili sér að fullu í lægra verði til neytenda. Slíkt fer eftir samkeppnisaðstæðum á hverjum tíma.

Hvað varðar tekjujöfnunaráhrif af lækkun virðisaukaskatts samkvæmt tillögum frumvarpsins, má minna á að í tengslum við lækkun á virðisaukaskattshlutfalli á matvælum úr 24,5% í 14% á árinu 1993, gaf Ríkisendurskoðun út skýrslu um áhrifin af þeirri breytingu (Skýrsla um áhrif skattbreytinga skv. lögum nr. 122/1993, október 1994). Í þessari skýrslu er að finna greinargerð frá Þjóðhagsstofnun um tekjujöfnunaráhrif af ýmsum breytingum á skattkerfinu. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að

hækkun barnabótaauka (sem þá var til og var tekjutengdur) hefði mun meiri tekjujöfnunaráhrif en lækkun skatta á matvæli. Frá því að þessi greinargerð var skrifuð hefur vægi barnabóta í ráðstöfunartekjum minnkað. Útgjöld vegna matar- og drykkjarvöru sem hlutfall af heildarútgjöldum hafa einnig lækkað, um rúmlega 2,5 prósentustig miðað við vægi matar- og drykkjarvöru í grunni vísitölu neysluverðs. Því má gera ráð fyrir að meginniðurstaðan í greinargerðinni standist enn. Með hliðsjón af þessu má benda á að rétt gæti verið að kannaðar væru fleiri leiðir en lækkun á 14% þrepi virðisaukaskatts sé skattalækkuninni aðallega ætlað að auka tekjujöfnuð í þjóðfélaginu. Auk barnabóta mætti nefna hækkun persónuafsláttar þótt hann komi þeim einum til góða sem greiða tekjuskatt.

F. h. r.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Aringinn Jónsson". The signature is written in a cursive, flowing style with long, sweeping lines.